

STARFSLEYFI

Pure North Recycling

Endurnýting úrgangsplasts

**Sunnumörk 4, fastanr. F22108038
810 Hveragerði**

kt. 690415 1270

Nafn og kt. rekstraraðila: **Pure North Recycling ehf., kt. 690415 1270**

Heimilisfang: **Sunnumörk 4, 810 Hveragerði**

Útgáfudagur: 25. júní 2019

Gildir til: 25. júní 2031

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

**Fyrir Pure North Recycling ehf. fyrir endurnýtingu úrgangsplasts
dags. 25. júní 2019**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 25. júní 2019

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



STARFSLEYFISSEKILYRÐI

fyrir endurnýtingu úrgangsplasts

Pure North Recycling ehf.

kt. 690415 1270

Sunnumörk 4, 810 Hveragerði

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir hreinsun og endurnýtingu úrgangsplasts, þ.m.t. bræðslu, móton og pökkun enduruninnar afurðar til endursölu, í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Heimilt er að hreinsa og endurvinna að **hámarki 24 tonn** af plasti á sólarhring.

Heimilt er að taka á móti og/eða geyma til skamms tíma innan lóðar allt að **320 tonn** af brennanlegu efni, þ.m.t. annars vegar óhreinsuðu, endurnýtanlegu úrgangplasti og hins vegar plasti sem farið hefur í gegnum endurnýtingarferli og pakkað hefur verið í stórsekki til endursölu.

Starfsleyfishafi skal sækja um ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar á því hvort sá úrgangur sem endurnýttur er hjá fyrirtækinu hætti að vera úrgangur með tiltekinni endurnýtingaraðgerð, áður en endurnýtingarferli úrgangsins hefst og áður en sú vara sem gera á úr úrganganum er markaðssett, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tekni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.



Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífrikis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. UMHVERFI

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.
- 2.4 Takmarka skal aðgengi að og byrgja innsýn á athafnasvæði fyrirtækisins með skjólgirðingu.
- 2.5 Athafnasvæði fyrirtækisins skal lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 3.18.
- 2.6 Allt plast, sbr. gr. 1.1, og annað brennanlegt efni skal geyma í skilgreindum og afmörkuðum brunahólfum skv. samþykktri brunahönnun lóðar, að hámarki 40 tonn innan hvers hólfs og að hámarki 320 tonn alls á lóð. Skulu stæður að jafnaði ekki vera hærri en 1,5 m og aldrei hærri en svo að þær sjáist yfir skjólvegg til að koma í veg fyrir sjónmengun. Jafnframt skal starfsleyfishafi koma í veg fyrir að plast og/eða plastagnir fjúki eða berist með öðrum hætti út



fyrir lóðarmörk eða um niðurföll í fráveitu með því að fergja og/eða breiða yfir stæðurnar og sópa athafnasvæði fyrirtækisins með reglubundnum hætti, sbr. gr. 3.1.

Verði gerðar breytingar á brunahönnun lóðar á gildistíma starfsleyfisins skal fyrirkomulag geymslu plasts og annars brennanlegs efnis taka mið af þeim breytingum. Þó skal magn brennanlegs efnis innan lóðar ekki vera meira en 320 tonn.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.4 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þriffa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélu með lokuðu kerfi.

Úrgangur

- 3.5 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.6 Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgánum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.7 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.



- 3.8 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.9 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

Meðferð efna

- 3.10 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsettingum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.11 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndlud af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.12 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

Meðferð olíu og frágangur olíugeyma

- 3.13 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.14 Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu, olíuheldu plani með fráreynslu tengt við olíuskilju. Olíugeymir skal búinn yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal hann, eftir því sem við á, útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir reynslu áður en yfirfylling á sér stað. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 3.15 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

Hávaði

- 3.16 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Loftmengun

- 3.17 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnabúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.



Fráveitur

- 3.18 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.p.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.
- 3.19 Olíuskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.

4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLD

- 4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- magn móttakins efnis til endurnýtingar.
 - fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
 - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
 - tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
 - skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.
- Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.
- 4.2 Tilkyンna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill, sbr. gr. 3.2.

5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLD

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 25. júní 2019

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrønn

Stella Hrønn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

Pure North Recycling ehf.

kt. 690415 1270

Sunnumörk 4,
810 Hveragerði

vegna endurnýtingar úrgangsplasts í ofangreindri starfstöð fyrirtækisins.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Á 195. fundi sínum þann 10. apríl sl. ákvað Heilbrigðisnefnd Suðurlands að endurskoða starfsleyfi og starfsleyfiskilyrði Pure North Recycling ehf.

Telur nefndin að þær breytingar sem orðið hafa á umfangi starfseminnar og vinnsluaðferðum frá því að fyrra starfsleyfi var gefið út, séu svo verulegar að nauðsynlegt sé að endurskoða áður útgefið starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði fyrirtækisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, bæði hvað varðar magn og frágang hráefnis sem er geymt á lóð fyrirtækisins sem og vinnsluaðferð og mögulegu magni í vinnslu hvern sólarhring.

Starfsleyfi fyrir Pure North Recycling ehf. var gefið út 7. maí 2015 í kjölfar úttektar heilbrigðisfulltrúa. Var starfsemin í vestasta hluta þess húsnæðis þar sem spónaframleiðsla Fengs ehf. fór fram og fólst í tætingu, þvotti, þurkun og böggun á svokölluðu bændaplasti í 500 kg. balla sem síðan væru fluttir erlendis til frekari vinnslu. Átti að geyma hráefnið, þ.e. notað bændaplast, í lokuðum 40 feta gánum sem tjaldað væri yfir, þar til það yrði tekið til vinnslu en ekki var gert ráð fyrir lager fyrir afurðir þar sem þær yrðu fluttar jafnóðum út. Starfsleyfið var gefið út með samræmdum almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi skv. auglýsingu nr. 582/2000, enda umfangið talið lítið og að ekki væri þörf á umfangsmeiri mengunarvörnum en þeim sem fyrir voru á athafnasvæði fyrirtækisins vegna spónaframleiðslu Fengs ehf. Var tíðni reglubundins eftirlits ákvörðuð annað hvert ár í samræmi við umfang og eðli starfseminnar á þeim tíma.

Við reglubundið eftirlit árið 2017 kom í ljós að umfang vinnslunnar hafði aukist verulega og það mjög að spónaframleiðsla Fengs var hætt í sama húsi. Á lóð hafði safnast mikið magn af óendurunnu bændaplasti og langt umfram það sem lagt var upp með í upphafi. Var þá þegar gerð athugasemd við að umfang starfseminnar væri orðið meira en forsendur útgefins starfsleyfis leyfðu og starfsleyfishafa bent á að sækja um breytingu á starfsleyfi fyrirtækisins vegna þess.

Í reglubundnu eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 8. apríl sl. kom í ljós að búið var að breyta um vinnsluaðferð við endurvinnslu bændaplastsins auk þess sem farið var að taka harðplast, s.s. plastpallettur, úr sér gengnar sorptunnur o.fl., til endurvinnslu. Bændaplastið er ekki lengur bara tætt, þvegið, þurrkað og baggað, heldur einnig brætt í litlar perlur sem pakkað er í stórsekkjum að laukum til endursölu. Í eftirlitinu kom jafnframt fram að búið væri að hólfu lóð niður skv. fyrilliggjandi brunahönnun sem gerð var að kröfu Brunavarna Árnessýslu og embættis skipulag- og byggingafulltrúa Hveragerðisbæjar, til að koma í veg fyrir að óhófleg uppsöfnun plasts til endurnýtingar skapaði eldhættu fyrir nærliggjandi lóðir.

Í framhaldi af ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands um endurskoðun á starfsleyfi Pure North ehf. var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 24. maí sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Hveragerðisbæjar. Í svari skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar kemur fram að lóð fyrirtækisins sé skv. aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2019 á miðsvæði þar sem heimilt er að vera með m.a. hreinlega atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis. Skv. deiliskipulagi fyrir Austurmörk, Sunnumörk og Mánamörk sem tók gildi 21. desember 2017 og er í samræmi við gildandi aðalskipulag, þá er hreinleg athafnastarfsemi heimiluð á lóðinni Sunnumörk 4. Þó er gert ráð fyrir að slík starfsemi sé víkjandi á svæðinu skv. greinargerð deiliskipulagsins, en þar kemur fram að grófari atvinnustarfsemi sé ætlað að flytja sig um set á athafnasvæði eins og búið er að skipuleggja fyrir sunnan þjóðveg. Jafnframt segir í svari skipulagsfulltrúa að endurvinnslustarfsemi Pure North Recycling ehf. á lóðinni Sunnumörk 4 sé heimil skv. aðal- og deiliskipulagi svo fremi sem hún valdi ekki hljóð-, lyktar- og/eða sjónmengun umfram það sem telst samræmast yfirbragði og eðli svæðisins og skuli starfsleyfi fyrirtækisins taka mið af því.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni

tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir endurnýtingu úrgangsplasts á vegum Pure North á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 9. maí sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 6. júní sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Á þeim tíma sem opinber auglýsing á tillögu að starfsleyfi fyrir Pure North ehf. varði bárust tvær athugasemdir við tillöguna.

Á 197. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 11. júní sl. var farið efnislega yfir innsendar athugasemdir. Hér á eftir er birtur útdráttur úr þeim athugasemnum sem bárust innan athugasemdarests ásamt viðbrögðum heilbrigðisnefndar við henni.

4.1 Athugasemd frá Pure North Recycling ehf.

Í erindi sínu gerir Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling ehf., athugasemd vegna þeirra takmarkanna sem settar eru á framleiðslu hráefnis í auglýstum starfsleyfisskilyrðum og óskað eftir því að þær verði teknar út, enda séu þær ekki til staðar í áður útgefnu starfsleyfi fyrirtækisins.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Skv. 6. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, skal heilbrigðisnefndir tilgreina í starfsleyfi, sbr. IX. og X. viðauka, „*rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, stærð og skilyrði, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhalds mengunarvarnarbúnaðar eftir því sem við á hverju sinni. Ákvæði um mengunarvarnir skulu taka mið að BAT-niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.*

Afkasta- eða framleiðslugeta innan tiltekins tímaramma er ein af þeim aðferðum sem notuð er til að ákvarða stærð fyrirtækja, t.a.m. sláturhúsa, fiskvinnslufyrirtækja, urðunarstaða, fráveitumannvirkja o.fl. Við útgáfu fyrra starfsleyfis fyrirtækisins var ekki talin ástæða til að tiltaka stærð fyrirtækisins nákvæmlega, enda umfangið á þeim tíma það lítið að starfsemin rúmaðist innan veggja annars fyrirtækis sem framleiddi spón úr endurunnu timbri, og nú úr gildi fallin reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, heimilaði starfsleyfisútgáfu án ítarlegrar starfsleyfisgerðar fyrir m.a. umfangslítill fyrirtæki þar sem mengunarvarna umfram hið almenna gerðist ekki þörf. Hins vegar, nú þegar umfang starfseminnar er orðið margfalt það sem upphaflega starfsleyfið var gefið út fyrir, er

Ijóst að nauðsynlegt er að tilgreina umfang starfseminnar í starfsleyfi með hámarksframleiðslugetu á sólarhring annars vegar og hámarksmagni hráefnis og afurða í geymslu á lóð hins vegar, til að tryggja að starfsemin sé innan þeirra marka sem nánasta umhverfi þolir án þess að verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna hennar. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hafnar því þeirri ósk að taka út þær takmarkanir á framleiðslu hráefnis á hverjum sólarhring sem tilteknar eru í starfsleyfisskilyrðum.

4.2 Athugasemd frá Jóni Friðrik Matthíassyni, byggingafulltrúa Hveragerðisbæjar

Í erindi Jóns Friðriks er gerð athugasemd við að fyrirliggjandi brunahönnun lóðar hefur ekki verið samþykkt af bæjaryfirvöldum, heldur aðeins send til skipulagsfulltrúa/skipulagsnefndar til skoðunar. Bendir Jón Friðrik á ósamræmi á milli leyfilegs hámarksmagns brennanlegs efnis í auglýstrar starfsleyfistillögu og þeirrar brunahönnunar sem er til skoðunar, þ.e. 320 tonn í starfsleyfistillögunni en brunahönnun miðar við 359 tonn. Þá kemur fram að innbyrðis ósamræmi er í brunahönnun þar sem öryggisfjarlægð frá 40 tonna hólfni að aðliggjandi húsum skal vera 9 metrar, en skv. skipulagi sé gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði í Sunnumörk 6 í sex metra fjarlægð frá lóðamörkum. Jafnframt leggur Jón Friðrik til að útgáfu starfsleyfis verði frestað þangað til niðurstaða skipulagsnefndar/bæjarstjórnar liggar fyrir, brunahönnun lagfærð og starfsleyfi samræmt við endanlega brunahönnun.

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Heilbrigðisnefnd Suðurlands var ljóst við gerð tillögu að starfsleyfi að sú magntala sem ákvarðar hámark brennanlegs efnis innan lóðar Pure North ehf. að Sunnumörk 4 er lægri en gert er ráð fyrir í brunahönnun. Brunahönnun gerir ráð fyrir að allt brennanlega efnið innan lóðar sé bændaplast, en þar sem fyrirtækið er einnig að endurnýta aðrar tegundir plasts sem er rúmfrekara í geymslu, þ.m.t. harðplast, var tekin sú ákvörðun samráði við Brunavarnir Árnessýslu að miða við að hámark alls brennanlegs efnis innan lóðar yrði ekki meira en 320 tonn á hverjum tíma til að tryggja að hægt sé að geyma allt brennanlegt efni innan brunahólfa burtseð frá endanlegri brunahönnun lóðar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur að ekki sé tilefni til að fresta útgáfu endurskoðaðs starfsleyfis fyrir Pure North ehf. þrátt fyrir að endanleg brunahönnun lóðar liggi ekki fyrir. Nefndin telur hins vegar tilefni til að bregðast við fram komnum athugasemendum og ábendingum og hefur gert ákveðnar breytingar á þremur greinum auglýstra starfsleyfisskilyrða til að leggja enn frekari áherslu á að leyfilegt magn og fyrirkomulag geymslu efnis innan lóðar tekur til alls brennanlegs efnis, ekki einungis hráefnis og hins vegar að ef gerðar verði breytingar á brunahönnun lóðar á gildistíma starfsleyfis, skuli starfsleyfishafi hlíta þeim breytingum og aðlaga starfsemi fyrirtækisins að þeim. Sjá nánari umfjöllun í lið 6.

5. Bókun bæjarstjórnar Hveragerðis

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðis þann 17. maí 2019 var eftirfarandi fært til bókar:

„Lagt fram til kynningar en starfsleyfið mun jafnframt liggja frammi á skrifstofu bæjarfélagsins næstu vikur. Bæjarráð vill ennfremur ítreka að farið verði að einu og öllu að ákvæðum starfsleyfis varðandi starfsemina og ábendingum Brunavarna Árnessýslu og að eftirlitsaðilar sinni skyldu sinni þannig að sem minnst óþægindi og hætta hljótist af frekari rekstri verksmiðjunnar. Bæjarráð vill jafnframt óska eftir því við forsvarsmenn fyrirtækisins að efnisgeymslur verði norðan við húsið fjær íbúðabyggð.“

Viðbrögð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Heilbrigðisnefnd Suðurlands gerði breytingar á þremur greinum auglýstra starfsleyfisskilyrða, annars vegar til að leggja enn frekari áherslu á að leyfilegt magn og fyrirkomulag geymslu efnis innan lóðar tekur til alls brennanlegs efnis, ekki einungis hráefnis og hins vegar að ef gerðar verði breytingar á brunahönnun lóðar á gildistíma starfsleyfis, skuli starfsleyfishafi hlíta þeim breytingum og aðlaga starfsemi fyrirtækisins að þeim. Sjá nánari umfjöllun í lið 6.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu eftir að auglýsingatíma lauk.

6.1. Breyting á gr. 1.1.

Í 3. mgr. gr. 1.1. um magn efnis sem heimilt er að geyma innan lóðar er orðinu „samtals“ skipt út fyrir orðin „allt að“ og orðunum „af brennanlegu efni, þ.m.t.“ bætt inn, til að hnykkja á að um er að ræða hámarksagn alls brennanlegs efnis sem leyfilegt er að geyma innan lóðar á hverjum tíma.

6.2. Breyting á gr. 2.6.

Í fyrsta málślið 2.6. gr. er bætt við orðunum „og annað brennanlegt efni“, til að hnykkja á að gerð er krafa um að allt brennanlegt efni, ekki einungis hráefni og afurð, sé geymd í skilgreindum og afmörkuðum brunahólfum í samræmi við brunahönnun lóðar.

Í gr. 2.6. er bætt við nýrri málsgrein sem hljóðar svo:

Verði gerðar breytingar á brunahönnun lóðar á gildistíma starfsleyfis skal fyrirkomulag geymslu plasts og annars brennanlegs efnis taka mið af þeim breytingum. Þó skal magn brennanlegs efnis innan lóðar ekki vera meira en 320 tonn.

Er þessari málgrein ætlað að taka af öll tvímæli um að starfsleyfishafi skuli bregðast við breytingum á brunahönnun lóðar verði þær gerðar að kröfу þar til bærra yfirvalda.

6.3 Breyting á gr. 4.1.

Í gr. 4.1. er bætt við punktlið „magn móttakins efnis til endurnýtingar“ efst í upptalningu um þau atriði sem starfsleyfishafi skal skrá í eigið eftirlit.

Er það til að hægt sé að hafa eftirlit með því magni af plasti sem berst til fyrirtækisins til endurnýtingar, m.a. til samanburðar við það magn hráefnis og afurða sem geymt er á lóð fyrirtæksins hverju sinni.

7. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 197. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 11. júní sl. var endurnýjun starfsleyfis Pure North ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára með auglýstum starfsleyfisskilyrðum ásamt þeim breytingum sem gerðar voru eftir að auglýsingatíma lauk og gert er grein fyrir hér að ofan í lið 6.1. – 6.3.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsméðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 25. júní 2019.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Stella Mörn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi